



# Litir skipta sköpum.

Skilningur á því hvernig perur skila litum er mjög mikilvægur fyrir þá sem eru í verslunarrekstri. Í þessum öðrum kafla af leiðarvísi fyrir byrjendur er sjónum eingöngu beint að þessu sviði.

Í fyrsta kafla leiðarvísisins var sýnt hvernig Newton sýndi fram á að dagsljóss er samsett úr mismunandi litum. Einnig sannaði hann að litir eru ekki innbyggðir í hluti heldur ráðast af því ljósi sem hluturinn endurkastar. Réttur skilningur á þessum staðreyndum er mjög mikilvægur, sérstaklega þegar um lýsingu í verslunum er að ræða.

Af þessu leiðir að til að sýna réttan litblæ hluta í tilbúnu rafljósi verður að nota ljósgjafa með mikilli litrófsbreidd.


Því miður gefa sumar perur frá sér ljós með mjög litla litrófsbreidd og gefa því ranga mynd af litum. Sem dæmi um slíka ljósgjafa má nefna lágþrýstar natriumperur sem voru notaðar í götulýsingar. Vart finnst verri lýsing til að meta eða skoða liti í.



Slík götulýsing er nánast einlita, þ.e. hún gefur aðeins frá sér einn lit, rauðgulan (orange).

Þessi lýsing aðgreinir liti mjög illa t.d. getur verið erfitt að skoða leiðakort almenningsvagna eða lesta sem sýnir leiðir þeirra í mismunandi litum. Í slíku ljósi er erfitt að aðgreina liti, prentlitirnir hafa aðeins einn lit til að endurvarpa eða drekka í sig. Við slíkar aðstæður fer litamynni okkar á kreik og við ímyndum okkur að við séum að skoða leiðarkortið í betri lýsingu.




Hefðbundin glópera, á fagmáli nefnd GLS, er betri. Glóðarþráður hennar er úr wolfram og ljós hennar gefur frá sér "heitari" liti, en endurkast í bláa hluta litrófsins er lélegt.



Þetta skýrir það sem stundum gerist þegar kaupar á svört föt sem virðast svört inni í verslun með eingöngu GLS glóperulýsingu, en reynast blá þegar út í dagsljósið er komið

Wolfram - halógen ljós er betra. Það gefur tærara, "hvítara" ljós vegna þess að blái hluti litrófsins, (styttri bylgjulengdir) er yfirgnæfandi. Þrátt fyrir að það virðist ekki vera mikill munur á lýsingunni, þá skiptir hann geysilega miklu máli.

# FASHIGN



Litrófsgraf málmhalógenpera er mjög gott, þrátt fyrir toppana sem koma fram í því, vegna þess að jafnvægi er gott og ekki of rauðleit. Auk þess dreifast topparnir með tiltölulega jöfnu millibili.



Margar verslanir nota lýsingu sem er blanda af málmhalógen og halógen lömpum til að nýta styrkleika beggja. Málmhalógen lýsing hentar vel til að skoða t.d. gallabuxur á meðan halógen lýsing hentar vel til að skoða t.d. brauð.